

Skipulögð kennsla

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað aðstandendum og fagfólki sem starfar með börnum og ungmennum með einhverfu, í skólum (leik-, grunn- og framhaldsskólum), á sambýlum eða hvar sem einhverfir einstaklingar búa og starfa.

Hámarksfjöldi þátttakenda

Á þessu námskeiði er hámarksfjöldi þátttakenda 30

Lýsing

Námskeiðið er byggt á hugmyndafræði TEACCH (Treatment and Education of Autistic and related Communication handicapped Children). Á námskeiðinu er kynning á hugmyndafræði TEACCH og Skipulagðrar kennslu. Fjallað verður um hvernig aðferðir Skipulagðrar kennslu taka tillit til þeirrar skerðingar á taugaproska sem fylgir einhverfu, s.s. skerðing í boðskiptum og félagslegum samskiptum. Námskeiðið byggir á fyrirlestrum, mynddæmum, umræðum og þjálfun þátttakenda. Skipt er upp í hópa og útbúin vinnusvæði þar sem þátttakendur fá að æfa sig með nemendum á ólíkum aldri, sem eru öll með einhverfu.

Markmið

Að þátttakendur:

- fái innsýn í hugmyndafræði TEACCH
- læri grunnatriði skipulagðrar kennslu og vinnubragða
- geti tekið þátt í uppbyggingu og notkun skipulagsins í skóla, á vinnustað eða heimili einstaklings með einhverfu

Umsjón

Sigrún Hjartardóttir sérkennari og einhverfuráðgjafi og Áslaug Melax leikskólasérkennari og einhverfuráðgjafi.